# SIGÞRÚÐUR ÁRMANN



## Í STUTTU MÁLI

Ég hef víðtæka reynslu úr atvinnulífinu.

Ég er einn eigenda og stjórnarformaður VON harðfiskverkunar í Hafnarfirði, er eigandi og framkvæmdastjóri Exedra sem er vettvangur umræðna fyrir fjölbreyttan hóp öflugra kvenna og sit í fleiri stjórnum.

Ég er 1. varaþingmaður og hef tekið sæti á Alþingi. Fékk ég mikið lof fyrir innkomur mínar þar og var fjallað um eina af ræðum mínum í Leiðara Morgunblaðsins.

Ég hef setið í stjórn Sjálfstæðisfélagsins í Garðabæ frá árinu 2005, verið formaður félagsins, kosningastjóri og fleira. Hef verið varabæjarfulltrúi í Garðabæ, sat 8 ár í fjölskylduráði og er varamaður í skipulagsnefnd.

## MENNTUN

Ég er lögfræðingur að mennt frá Háskóla Íslands, með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík auk þess að hafa farið í stjórnendanám í IESE Business School í Barcelona.
Ég hef mikla réttlætiskennd, sterkt tengslanet og hef góða innsýn í þjóðmálaumræðuna.

## STARFAÐ Í 24 ÁR Í SJÁLFSTÆÐISFLOKKNUM

Ég hef starfað innan Sjálfstæðisflokksins í tuttugu og fjögur ár eða frá því ég var fyrst kjörin í stjórn Heimdallar. Ég aðhyllist sjálfstæðisstefnuna og vil sjá hana enn sterkar í störfum þingflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur allt frá stofnun verður burðarás í íslenskum stjórnmálum. Hagsæld og stöðugleiki í íslensku samfélagi er ekki síst veruleiki nema vegna stefnu Sjálfstæðisflokksins og áhrifa hans á íslenskt samfélag.

## REYNSLA ÚR ATVINNULÍFINU Á ERINDI INN Á ALÞINGI

Grunngildi Sjálfstæðisflokksins hafa alltaf verið með hugleikin, frelsi einstaklinga og atvinnulífs til athafna. Ég trúi því að reynsla mín og þekking á atvinnulífinu eigi erindi inn á Alþingi. Það skiptir Sjálfstæðisflokkinn miklu máli að á Alþingi sé fólk úr atvinnulífinu. Ég heyri sterkt ákall um það frá fólki úr atvinnulífinu, bæði litlum og stórum fyrirtækjum.

## TENGSLANET SEM NÝTIST TIL GÓÐS

Ég er með mjög öflugt tengslanet sem nýtist flokknum til góðs.  Það skiptir máli að hafa fólk ofarlega á lista sem sækir fylgi út fyrir innsta kjarna Sjálfstæðisflokksins.

## SKÝR FRAMTÍÐARSÝN FYRIR KOMANDI KYNSLÓÐIR

Ég hyggst vinna að krafti og hugsjón með grunngildi Sjálfstæðisflokksins að leiðarljósi. Með skýra framtíðarsýn fyrir komandi kynslóðir, drifkraft og áræðni mun ég leggja mig alla fram fyrir Sjálfstæðisflokkinn.



# SIGÞRÚÐUR ÁRMANN

## MENNTUN

**2018** — **IESE BUSINESS SCHOOL**

Digital Mindset sem fjallar um tækifæri í stafrænni þróun.

**2017** — **HÁSKÓLINNN Í REYKJAVÍK**

,,Ábyrgð og árangur stjórnarmanna" fjallar um góða og gagnlega stjórnarhætti.

**2016** — **IESE BUSINESS SCHOOL/ HARWARD BUSINESS SCHOOL**

Námskeið hjá IESE Business School og Harvard Business School sem fjallar um með hvaða hætti stjórnir ná auknum árangri.

**2013** — **IESE BUSINESS SCHOOL**

Stjórnendanám LEADERSHIP DEVELOPMENT - PLD. Skólinn er talinn númer eitt í heiminum í "Executive Education" að mati Financial Times. Í náminu var lögð áhersla á að þjálfa upp fyrsta flokks stjórnendur.

**2007-2009** — **HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**

MBA – Master of Business Administration.

**2008** — **CEIBS - CHINA EUROPE INTERNATIONAL BUSINESS SCHOOL**

MBA skiptinám í Shanghai. Skólinn er talinn númer eitt í Kína að mati Forbes China & Bloomberg Business Week.

**1998-2004** — **HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Lögfræðingur, Cand.Jur

**2002** — **HÁSKÓLINN Í ÁRÓSUM, DANMÖRK**

Skiptinám í lögfræði

**1997** — **VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS**

Stúdentspróf af hagfræði/stærðfræðibraut.



# SIGÞRÚÐUR ÁRMANN

## STARFSREYNLSA

**2006-** **FRAMKVÆMDASTJÓRI EXEDRA**

Stofnaði EXEDRA haustið 2006 ásamt tveimur öðrum og er framkvæmdastjóri þess. EXEDRA er vettvangur umræðna fyrir fjölbreyttan hóp kvenna sem eru í fremstu röð á flestum sviðum þjóðfélagsins. Hópurinn fundar í hverjum mánuði og tekur fyrir mikilvæg og fjölbreytt viðfangsefni. Í hópnum eru konur úr ólíkum stjórnmálaflokkum, úr atvinnulífinu, úr opinbera geiranum, listaheiminum, fjölmiðlum og konur sem eru sérfræðingar á ýmsum sviðum. Árið 2013 var EXEMPLA stofnaður, sem er sams konar hópur fyrir konur á aldrinum 30-45 ára.

**2023-2024** **CONTROLANT**

Culture and Communication Manager

**2014-2015** **FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ AZAZO**

Framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs hugbúnaðarfyrirtækisins AZAZO.

**2009-2012** **MP BANKI**

Regluvörður og lögfræðingur hjá MP banka (forvera Kviku).

**2003-2006** **VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS**

Lögfræðingur hjá Viðskiptaráði Íslands. Ég var fulltrúi Viðskiptaráðs í Ráðgjafanefnd EFTA.



# SIGÞRÚÐUR ÁRMANN

## FÉLAGS OG STJÓRNARSTÖRF

| | |
|---|---|
| 2019 - | Stjórnarformaður Von harðfiskverkunar |
| 2020 | Í starfshópi á vegum utanríkisráðherra um efnahagstækifæri á Norðurslóðum |
| 2018- | Í stjórn Sjálfstæðisfélagsins í Garðabæ. Formaður í þrjú ár. Í stjórn fulltrúaráðsins í Garðabæ. |
| 2015- | Stjórn Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. |
| 2014-2022 | Fjölskylduráð Garðabæjar / barnaverndarnefnd. |
| 2014-2018 | Varabæjarfulltrúi í Garðabæ. |
| 2013-2020 | Stjórn Svanna lánatryggingasjóðs. |
| 2010- | Stjórn AMS eignarhaldsfélags ehf. |
| 2011-2013 | Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins. |
| 2012-2013 | Stjórn Sjálfstæðisfélagsins í Garðabæ. |
| 2010-2014 | Kjörstjórn Garðabæjar. |
| 2010-2014 | Stjórn fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélagsins í Garðabæ. |
| 2008-2012 | Stjórn Æskulýðssjóðs. |
| 2008-2010 | Stjórn Emblna, félags MBA kvenna frá Háskólanum í Reykjavík. |
| 2012-2013 | Stjórn Sjálfstæðisfélagsins í Garðabæ. Ritstjóri Garða |
| 2000-2002 | Stjórn Heimdallar, Reykjavík. |



# SIGÞRÚÐUR ÁRMANN

## FÉLAGS OG STJÓRNARSTÖRF

**2001-2002** Formaður Stúdentasjóðs Háskóla Íslands.

**2000-2001** Formaður Orators félags laganema.

**1996-1997** Formaður Málfundafélags Verzlunarskóla Íslands.

## ÖNNUR VERKEFNI

**2020/2010** **TAKK FYRIR AÐ VERA TIL FYRIRMYNDAR**

EXEDRA í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hafa í tvígang staðið að hvatningarátakinu ,,Til fyrirmyndar." Ég var ein þeirra sem átti frumkvæði að átakinu sem er tileinkað frú Vigdísi Finnbogadóttur og íslensku þjóðinni í tilefni þess að þrjátíu (2010) og fjörutíu ár (2020) voru liðin frá því að Vigdís var kjörin forseti, fyrst kvenna í heiminum.

**2008** **FRAMKVÆMDASTJÓRI SÚK**

SÚK hafði það að markmiði að safna fé fyrir konur og börn í Jemen svo að þau gætu gengið í skóla á vegum Jóhönnu Kristjónsdóttur. Fjöldi kvenna kom að verkefninu. Í heildina söfnuðust hátt í 30 milljónir króna.

**2005-2008** **LEIÐTOGANÁMSKEIÐ FYRIR KONUR MEÐ ÁSDÍSI HÖLLU BRAGADÓTTUR.**

Tók þátt í hugmyndavinnu, verkefnastjórnun og kennslu í framkomu og ræðumennsku á leiðtoganámskeiðum sem um 1500 konur sóttu í Garðabæ, á Akureyri og í Vestmannaeyjum.



# SIGÞRÚÐUR ÁRMANN

## FJÖLSKYLDUHAGIR

Gift Jóhannesi Egilssyni og saman eigum við þrjú börn fædd 2005, 2010 og 2015. Við eigum hundinn Sæþór.

Áhugamál mín eru útivist og fer ég út í náttúruna helst á hverjum morgni. Einnig fer ég mikið í yoga og ýmislegt fleira skemmtilegt er snýr að hreyfingu.

Sonur minn er þrefaldur Íslandsmeistari í borðtennis og vil ég vera börnum mínum góð fyrirmynd með hreyfingu og mataræði.

Uppáhaldsmaturinn minn er að sjálfsögðu harðfiskur og borða ég hann á hverjum degi!